

Kópavogur, 15. maí, 2025

Kæri 10. bekingur.

Nú eru spennandi tímamót fram undan og innritun í framhaldsskóla er hafin. Hér er allt það helsta sem þú þarft að vita.

Umsóknarferlið

- Innritun í framhaldsskóla byrjar **25. apríl** og stendur til og með **10. júní 2025**.
- Til að sækja um þarftu að fara á island.is/umsokn-um-framhaldsskola, þar eru allar helstu upplýsingar um umsóknarferlið.
- **Sækja þarf um með rafrænum skilríkjum**, þínum eigin eða forsjáraðila ef þú átt þau ekki.
- Á vefsíðunni Næsta skref, naestaskref.is, má finna ýmsar gagnlegar og áhugaverðar upplýsingar varðandi áframhaldandi nám. Við hvetjum þig til að kynna þér efni síðunnar vel áður en þú ákveður hvaða skóla þú sækir um.
- Við hvetjum þig til að kynna þér inntökuskilyrði þeirra skóla sem þú ætlar að sækja um á heimasíðum þeirra.
- **Þú mátt velja tvo til þrjá skóla** og tvær námsbrautir innan hvors þeirra. Í fyrsta val setur þú þann skóla sem þú vilt helst fá inngöngu í.

Afgreiðsla umsókna

- Þegar umsóknarfrestur er liðinn þá eru umsóknir teknar til skoðunar. Umsækjendum er raðað eftir einkunnum og öðrum þáttum sem lagðir eru til grundvallar í inntökuskilyrðum. Þeir umsækjendur sem uppfylla skilyrðin best raðast fremst og svo koll af kolli.
- Ef umsóknin þín er samþykkt í báðum/öllum skólunum sem þú sækir um færðu skólavist í þeim skóla sem þú valdir númer eitt.
- Lífið fer þó ekki alltaf eins og við áætluðum og fari svo að þú fái ekki skólavist í þeim skólum sem þú sóttir um sjáum við um að tryggja þér skólavist. Við stefnum að því að öll hafi fengið skólavist fyrir lok júní 2025.
- Framhaldsskólinn sem samþykkir umsókn þína sendir greiðsluseðil fyrir innritunargjaldi á lögheimili eða í heimabanka forsjáraðila. Hver skóli gefur ákveðinn greiðslufrest og **ef gjaldið er ekki greitt á réttum tíma er lítið svo á að þú ætlir ekki að þiggja skólavist á haustönn 2025. Skólinn getur þá boðið öðrum nemanda plássíð í staðinn.**

Einkunnir og fylgiskjöl

- Einkunnir þínar berast rafrænt þeim skólum sem þú sóttir um og því er óþarfi að senda afrit af prófskírteini þínu með umsókninni.
- Vottorð eða sérstakar upplýsingar, t.d. um sértæka námsörðugleika eða námsferil úr erlendum skólum og sérskólum, getur þú látið fylgja með umsókninni sem viðhengi. Þú getur sent gögnin til viðkomandi skóla eða beðið grunnskólann þinn um að senda þau. **Mikilvægt er að muna að þau séu þá send á alla skólana sem þú sækir um.**

Við aðstoðum þig ef þörf er á

- Þú getur sent okkur spurningar á netfangið innritun@mms.is.

**Með kærri kveðju og ósk um bjarta framtíð,
Starfsfólk Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu**